



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um kostnað við útvistaðan mat á ársgrundvelli

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 7. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Hver er kostnaður hvers skóla við það að fá útvistaðan mat í hádeginu á ársgrundvelli?
Hver er kostnaður hvers skóla sem lætur elda mat í mötuneytinu sínu á ársgrundvelli?
Jafnframt er óskað eftir meðalkostnaði á hádegismat fyrir hvern nemanda í grunnskóla
eftir því hvort hann er frá útvistuðu fyrirtæki eða eldaður í skólanum.*

Svar:

Kostnaður við hverja aðkeypta máltíð tekur mið af því verði sem boðið var í útboði/rammasamningi nr. 15338 á aðkeyptum mat hjá grunn- og leikskólum. Ekki er um fast verð að ræða heldur tekur það breytingum á þriggja mánaða fresti að teknu tilliti til breytingar á neysluröruvísitölu (undirflokkur 1112:Mötuneyti). Verð miðast við staka máltíð.

Í samningnum segir:

1.1 Verðlagsgrundvöllur

Leggja skal fram tilboð í íslenskum krónum. Öll tilboðsverð skulu sett fram án virðisaukaskatts. Heimilt er að endurskoða verð á þriggja mánaða fresti, þó eigi fyrr en sex mánuðum frá loka gildistöku rammamnings og **skal miða við vísitölu neysliverðs, þ.e. undirvísitölu 1112 - Mötuneyti**. Grunnur að vísitölu neysliverðs miðast við opnunardag tilboða. Seljandi skal tilkynna til kaupanda allar verðhækkanir með a.m.k viku fyrirvara og er óheimilt að framkvæma verðhækkun nema með samþykki kaupanda. Efni seljandi til sértíloboða, útsölu eða samsvarandi verðlækkana á samningstímanum skal þess gætt að aðilar að rammamningi njóti ætíð lægsta verðs sem í boði er. Allur sendingarkostnaður innan rammamningsins fellur á seljanda og skulu bjóðendur gera ráð fyrir honum í tilboðsverðum sínum.

2.1 Almenn

Rammamningur þessi er um fulla mötuneytisþjónustu: Eldun, afhending og framreiðsla. Seljandi útvegar og greiðir fyrir allt hráefni sem þarf. Þar getur verið um að ræða þjónustu til lengri eða skemmri tíma. **Seljandi skal vera með einn starfsmann á hverjum starfsstað**. Um er að ræða hádegismat fyrir grunnskóla en morgunmat, hádegismat, nónhressingu og síðdegishressingu fyrir leikskóla.

Fyrir 3 deilda leikskóla eða minni er þvottur fyrir leikskólann hluti af starfsskyldum starfsmanns seljanda í eldhúsi. Heimilt verður að innheimta 15% álag ofan á boðið verð



fyrir 3 deilda leikskóla eða minni.

Útboð þetta nær til gerð rammasamnings vegna kaupa á mótuneytisþjónustu fyrir þau mótuneyti skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem þess óska.

Tilboðin hljóðuðu svo:

Árið 2022, þann 8. mars kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í útboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 15338 „Rammasamningur mótuneytisþjónustu í mótuneytum SFS”.
Tilboð opnaði og fundargerð Elísabet Katla Eypórdóttir.

Á tilboðsfresti var sendur út einn viðauki

Eftirfarandi tilboð bárust:	Tilboðsfjárhæð án vsk	
1 Sölufélag Garðyrkjumanna	Kr	803
2 Skólamaturlausn ehf	Kr	931

Fleiri tilboð bárust ekki.

Opnun tilboða lokið kl. 10:06

Sé litið til kostnaðartalna hjá þeim 36 grunnskólum sem eru borgarreknir þá er niðurstaðan eftirfarandi (byggð á sömu forsendum um dagafjölda heimaeldað/aðkeypt).

Meðalkostnaður hvers skóla, sem eldar í heimamótuneyti, er á ársgrundvelli 54.597.000 kr. miðað við meðalnemendafjölda í skóla sé 448 nemendur. Hver máltíð er því að koma út á u.þ.b. 718 kr.

Að gefnum sömu forsendum er meðalkostnaður skóla í aðkeyptu fæði um 29.483.812 og meðalfjöldi nemenda 211 nemendur. Hver máltíð er því að koma út á u.þ.b. 824 krónur.

Þau atriði sem ekki er tekin með í meðaltalsútreikningum hér að ofan er möguleiki á langtímaveikindum matræða og sá viðbótarkostnaður sem hlýst af því að reka fullbúið framleiðslu eldhús í stað þess að búa eldhúsin aðeins grunnbúnaði til að hita upp mat.

Þegar tölurnar hér að ofan eru skoðaðar er nauðsynlegt að horfa til þess að þeir skólar sem skipt hafa yfir í aðkeyptan mat eru þeir skólar sem hafa hvað fæsta nemendur. Ef skoðaður er kostnaður við þá þrjá skóla sem eru með heimaeldað og hafa færri en 250 nemendur þá er meðalkostnaður pr. máltíð 984 kr.

Miðað við gögn skóla- og frístundasviðs má áætla að sé skóli með færri en 350 nemendur sé hagkvæmara í krónum talið að færa sig yfir í aðkeypt. Tekið skal fram að stjórnendur starfsstaða hafa ekki verið hvattir til að skipta yfir í aðkeypt. Ákvörðunin hefur alltaf verið stjórnenda og byggð á mati þeirra á kostnaði og stjórnunarálagi.



Row Labels	Hráefni Fjárhæð	Heildarkostnaður með launum	
		Eldað á Staðnum	Samtals
Austurbæjarskóli	33.450.815	X	63.522.815
Álftamýraskóli	24.227.208	X	45.707.208
Árbæjarskóli	33.554.742	X	63.626.742
Ártúnsskóli	41.582.188		41.582.188
Borgaskóli	32.641.251		32.641.251
Breiðagerðisskóli	34.430.560	X	55.910.560
Breiðholtsskóli	22.098.574	X	52.170.574
Dalskóli	30.508.102	X	60.580.102
Engjaskóli	32.621.838		32.621.838
Fellaskóli	19.391.129	X	40.871.129
Foldaskóli	38.652.157	X	68.724.157
Fossvogsskóli	32.609.407		32.609.407
Grandaskóli	21.776.166	X	43.256.166
Hagaskóli	13.085.650	X	43.157.650
Hamraskóli	25.562.527		25.562.527
Háteigsskóli	32.586.499	X	62.658.499
Hlíðaskóli	33.816.933	X	63.888.933
Hólabrekkuskóli	31.501.712	X	61.573.712
Húsaskóli	18.968.045		18.968.045
Hvassaleitisskóli	22.401.431		22.401.431
Ingunnarskóli	21.996.623	X	43.476.623
Klébergsskóli	8.454.234	X	21.342.234
Langholtsskóli	46.338.442	X	76.410.442
Laugalækjarskóli	24.056.972	X	54.128.972
Laugarnesskóli	32.697.812	X	62.769.812
Melaskóli	40.245.393	X	70.317.393
Norðlingaskóli	41.495.611	X	71.567.611
Réttarholtsskóli	26.325.570	X	56.397.570
Rimaskóli	31.592.362	X	61.664.362
Selásskóli	18.461.511	X	31.349.511
Seljaskóli	35.471.206	X	65.543.206
Sæmundarskóli	23.309.376	X	53.381.376
Vesturbæjarskóli	21.550.516	X	43.030.516
Víkurskóli	14.008.112	X	35.488.112
Vogaskóli	21.416.261	X	42.896.261
Ölduselsskóli	40.692.714	X	70.764.714